



Borgarráð

Erindisbréf - Starfshópur um samþættingu félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Lagt er fram til kynningar erindisbréf starfshóps um samþættingu félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni en upphaflega var erindisbréfið lagt fram til kynningar í borgarráði 9. febrúar sl. Uppfært erindisbréf miðar að því að gera viðfangsefni starfshópsins afmarkaðra að því leyti að í stað þess að leggja fram tillögur að heildstæðri stefnumörkun um menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni er helsta verkefnið að leggja fram heildstæða greiningu á starfsemi og staðsetningu menningar- og félagsstarfs allra aldurshópa í borginni og leggja fram tillögur um samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir því sem við á. Þá er starfstímabil starfshópsins framlengt til 15. nóvember n.k.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf starfshóps um samþættingu félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.



ERINDISBRÉF

Starfshópur um samþættingu félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar 6. desember 2022 voru samþykktar breytingartillögur meirihlutans við frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2023 sem felast í hagræðingaraðgerðum. Tillaga 39 fólst í stefnumörkun félagsmiðstöðva, samfélags- og menningarhúsa í borginni.

Hlutverk:

Að leggja fram heildstætt yfirlit/kortlagningu starfsemi og staðsetningar menningar- og félagsstarfsemi allra aldurshópa í borginni. Starfsemi einstakra eininga verði greind, hlutverk þess í nærsamfélaginu og hugsanleg sérhæfð starfsemi, sem nýtist öllum borgarbúum tilgreind sem og samstarf og samningar við aðra rekstraraðila.

Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar fyrir fullorðið fólk á vegum velferðarsviðs eru 17 talsins. Nýting þjónustu þeirra er afar mismunandi og ræður þar eðli starfsemi þeirra og staðsetning, hluti þeirra hefur verið þróaður í samfélagshús sem gegna fjölbreyttu hlutverki innan hverfa, s.s. félagsstarf fyrir flóttafólk og virknitækifæri. Mikilvægt er að a.m.k. ein félagsmiðstöð sé í hverju hverfi borgarinnar sem er í samræmi við áætlanir meirihluta borgarstjórnar um samfélagshús.

Menningar- og íþróttasvið rekur menningarhús í öllum borgarhlutum fyrir alla aldurshópa, á grunni útibúa Borgarbókasafns, menningarmiðstöðina Gerðuberg í Breiðholti og Hitt húsið í Elliðaárdal sem þjónar ungu fólki. Þá eru íþróttamannvirki og sundlaugar oft vinsælir samkomustaðir sem gegna mikilvægu hlutverki.

Skóla- og frístundasvið rekur frístundamiðstöðvar í öllum borgarhlutum á fjölmörgum starfsstöðum, þær eru aðeins fyrir ungt fólk og eru ýmist í sérhæfðu húsnæði eða innan skóla. Fagfólk um frítímapjónustu starfar að einhverju leyti á öllum þessum sviðum, auk sérfræðinga.

Gert er ráð fyrir að allt ofangreint komi til skoðunar í vinnu starfshópsins og lagðar til tillögur að samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir atvikum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

Að leggja fram heildstæða greiningu á starfsemi og staðsetningu menningar- og félagsstarfs allra aldurshópa í borginni og leggja fram tillögur um samþættingu og nýtingu húsnæðis eftir því sem við á.

Starfshópin skipa:

Anna Sigrún Baldursdóttir skrifstofustjóri öldrunarmála, velferðarsviði, formaður
Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri, menningar- og íþróttasviði



Reykjavíkurborg

Ævar Harðarson, skrifstofustjóri hverfisSKIPulags, umhverfis- og skipulagssviði
Ómar Einarsson, fyrrverandi sviðsstjóri
Guðrún Kaldal, Framkvæmdastjóri frístundamiðstöðvarinnar Tjarnarinnar
Árni Guðmundsson, aðjúnt og sérfræðingur í æskulýðsmálum, Háskóla Íslands

Starfsmaður:

Gunnlaugur Sverrisson, verkefnastjóri á skrifstofu stjórnsýslu velferðarsviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti einnig ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á. Einnig verði samráð haft við öldungaráð og Reykjavíkurráð ungmenna.

Starfstímabil:

Frá 10. febrúar til 15. nóvember 2023.

Reykjavík, 27. júní 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri